



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til styrkþega vegna aflýsingar Menningarnætur 2020 - R20080056

Á fundi borgarráðs 29. október sl. var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

1. Hvers vegna tók Reykjavíkurborg þá ákvörðun að greiða einungis út 25% af umræddum styrk til styrkþega þegar Landsbankinn hafði greitt til borgarinnar umsamda fjárhæð? 2. Stenst það meginreglur samningaréttar að öðrum aðilum en styrkþegum sé greitt út eyrnamerkt fjármagn til listviðburða á Menningarnótt? 3. Hefur einhver útlagður kostnaður verið greiddur auk þessara 25% til hvers og eins til styrkþega? 4. Hver tók þá ákvörðun að veita 25% af fjármagninu sem Landsbankinn lagði til Menningarpottsins? 5. Er sú ákvörðun tekin í samráði við Landsbankann? 6. Hvaða nafngreindu aðilar hafa síðan fengið fjármagn úr Menningarpottinum og hversu háar upphæðir tæmandi talið? 7. Hvernig fór valið á þeim einstaklingum fram sem teknir voru fram fyrir styrkþega? 8. Hvað er mikið eftir af fjármagninu þann dag sem fyrirspurninni er svarað?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar menningar- og ferðamálasviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar 3. nóvember.

Svar við framhaldsfyrirspurn: Í lok júlí voru sóttvarnareglur vegna Covid-19 hertar aftur í 100 manna fjöldatakmörkun og 2ja metra nálægðartakmörkun. Reglurnar giltu til 13. ágúst, þegar áætlað var að hefja hátíðahöld Menningarnætur. Í samtölum við almannavarnir var ljóst að litlar sem engar líkur voru á því að reglurnar yrðu rýmkaðar eftir 13. ágúst. Því hafði viðburðateymi menningar- og ferðamálasviðs samband við styrkþega Menningarnæturpottsins 31. júlí til að vekja athygli á stöðunni og mæla með því að rétt væri að slá undirbúningi á frest. Eins voru þau skilaboð sett á Facebook -síðu hátíðarinnar. Allir styrkþegar tóku þessum upplýsingum af skilningi.

Viðburðateymið vann á þessum tíma í nokkrum mismunandi sviðsmyndum, en 10. ágúst var sú ákvörðun endanlega tekin á fundi Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar að aflýsa skyldi Menningarnótt 2020. Þau skilaboð voru rakið sett á Facebókarsíðu hátíðarinnar og samband haft við styrkþega og helstu samstarfsaðila sömuleiðis, en þá var liðinn mánuður síðan styrkþegar höfðu fengið upplýsingar um styrki og skrifað undir samninga.

Þannig ber að hafa í huga, að þótt eiginleg aflýsing hátíðarinnar sé dagsett 10. ágúst, þrem dögum fyrir hátíð, þá var samtalið hafið við alla styrkþega í lok júlí.

Áður en lengra er haldið er einnig rétt að leiðrétta þann misskilning sem fram kemur í bókun með framhaldsfyrirspurninni að Landsbankinn hafi ætlað að greiða Reykjavíkurborg 8 milljónir vegna

stykjapottsins. Hið rétta er að í samningi Landsbankans við Menningarnótt er gert ráð fyrir 4 milljónum árlega frá Landsbankanum en vegna þess að hátíðinni var aflýst í ár hefur Landsbankinn einungis greitt hluta af þeirri upphæði að þessu sinni, eða. 1.750.000 kr. til hátíðarinnar. Samanlögð upphæð í styrkjapottinum var áætluð 8 milljónir, 4 frá Landsbankanum og 4 af áætlun hátíðarinnar.

Þess er getið í bókuninni að óánægju gæti vegna þess fyrirkomulags að endurgreiða 25% af umsömdum styrk vegna útlagðst kostnaðar . Af 37 styrkhöfum hafa tveir aðilar haft samband og óskað eftir endurskoðun á greiðslunni. Annar aðilinn hefur jafnramt framvísað kvittunum vegna efniskaupa sem nema samanlagt hærra upphæð en 25% af styrkuppheð og hefur viðkomandi styrkþegi því fengið styrkinn greiddan að fullu, en þar sem hinn aðilinn hefur ekki sýnt fram á neinn slíkan útlagðan efniskostnað, hefur ekki verið hægt að verða við ósk hans. Engir aðrir styrkhafar Menningarnætur hafa gert athugasemdir við greiðslufyrirkomulagið, heldur hafa sýnt aðstæðum fullan skilning og verið sáttir við málalyktir.

Hér fyrir neðan má lesa svör við spurningunum sem fram komu í fyrirspurninni:

1. Hvers vegna tók Reykjavíkurborg þá ákvörðun að greiða einungis út 25% af umræddum styrk til styrkþega þegar Landsbankinn hafði greitt til borgarinnar umsamda fjárhæð?
Eins og fram kemur hér fyrir ofan hefur Landsbankinn greitt Reykjavíkurborg einungis hluta af umsamdri styrktaruppheð í ljósi þess að hátíðinni var aflýst.

2. Stenst það meginreglur samningaréttar að öðrum aðilum en styrkþegum sé greitt út eyrnamerkt fjármagn til listviðburða á Menningarnótt?
Einungis styrkhafar hafa fengið greiðslu úr styrkjapotti hátíðarinnar.

3. Hefur einhver útlagður kostnaður verið greiddur auk þessara 25% til hvers og eins til styrkþega?
Eins og fram kemur hér að ofan hefur einn styrkþegi fengið styrkinn greiddan að fullu.

4. Hver tók þá ákvörðun að veita 25% af fjármagninu sem Landsbankinn lagði til Menningarpottsins?

Landsbankinn ásamt stjórn Menningarnætur tók þá ákvörðun að höfðu samráði við fleiri á skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs.

5. Er sú ákvörðun tekin í samráði við Landsbankann?
Já.

6. Hvaða nafngreindu aðilar hafa síðan fengið fjármagn úr Menningarpottinum og hversu háar upphæðir tæmandi talið?
Eingöngu styrkþegar hafa fengið fjármagn úr Menningarpottinum.

7. Hvernig fór valið á þeim einstaklingum fram sem teknir voru fram fyrir styrkþega?
Eingöngu styrkþegar hafa fengið fjármagn úr Menningarpottinum.

8. Hvað er mikið eftir af fjármagninu þann dag sem fyrirspurninni er svarað?
Upphæðin sem Landsbankinn greiddi til Reykjavíkurborgar hefur öll verið nýtt í að greiða styrkhöfum.



Sif Gunnarsdóttir
skrifstofustjóri menningarmála